



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 28. apríl 2011

Breytingar á reglugerðum KSÍ

- Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
- Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga
- Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 27. apríl breytingar á reglugerðum KSÍ.

Samþykkt var breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 9.grein um leikskýrslur.

Núgildandi grein 9.

9.gr.

Leikskýrsla

9.1. Leikskýrsla skal gerð á þeim eyðublöðum sem KSÍ gefur út eða skv. leiðbeiningum frá KSÍ.

9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu. Í Pepsi-deild, 1. deild karla, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og meistarakeppni KSÍ, mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu og skal tilgreina kennitölu þeirra og liðstjórnar, sbr. þó grein 9.4.

9.3 Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Í keppni 11 manna liða skal leikmaður bera númer 1 til 30. Félagi er þó heimilt að nota opið númerakerfi í yngri aldursflokkum, og skulu þá númerin vera frá 1 til 99, en í slíku kerfi er æskilegt að hvert númer sé tengt tilteknum leikmanni.

9.4. Leikmenn sem leika í Pepsi-deild eða 1. deild karla eða Pepsi-deild kvenna skulu hafa sama númer í öllum leikjum í deildinni og einnig þegar þeir taka þátt í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki. Hvert númer (1-30) skal aðeins úthlutað einum leikmanni á sama keppnistímabili. Þurfi félag að nota fleiri leikmenn en 30 skal nýr leikmaður bera númer 31, sá næsti 32 o.s.frv. Félag í viðkomandi deildum skulu tilkynna KSÍ um númer leikmanna fyrir 1. maí ár hvert. Leikmenn skulu skráðir þannig á leikskýrslu að fyrst skal skrá markvörð og síðan í númeraröð aðra leikmenn sem hefja leik. Varamarkvörður skal skráður fyrstur í hópi varamanna og síðan aðrir í númeraröð. Á leikskýrslu skal skrá númer leikmanns í stað kennitölu.

Breytingar á ákvæðum ská-og feitletraðar

9. gr.

Leikskýrsla

9.1. Leikskýrsla skal gerð á vef KSÍ en til vara á eyðublöðum útgefnum af KSÍ og skal farið að leiðbeiningum KSÍ.

9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu. Í Pepsi-deild, 1. deild karla, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og meistarakeppni KSÍ, mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu. Ef leikskýrsla er gerð á eyðublaði útgefnu af KSÍ, skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna á leikskýrsluna.

9.3 Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Í keppni 11 manna liða skal leikmaður bera númer 1 til 30. Félagi er þó heimilt að nota opið númerakerfi í yngri aldursflokki, og skulu þá númerin vera frá 1 til 99, en í slíku kerfi er æskilegt að hvert númer sé tengt tilteknum leikmanni.

9.4. Leikmenn sem leika í Pepsi-deild eða 1. deild karla eða Pepsi-deild kvenna skulu hafa sama númer í öllum leikjum í deildinni og einnig þegar þeir taka þátt í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki. Hvert númer (1-30) skal aðeins úthlutað einum leikmanni á sama keppnistímabili. Þurfi félag að nota fleiri leikmenn en 30 skal nýr leikmaður bera númer 31, sá næsti 32 o.s.frv. Félög í viðkomandi deildum skulu tilkynna KSÍ um númer leikmanna fyrir 1. maí ár hvert. Leikmenn skulu skráðir þannig á leikskýrslu að fyrst skal skrá markvörð og síðan í númeraröð aðra leikmenn sem hefja leik. Varamarkvörður skal skráður fyrstur í hópi varamanna og síðan aðrir í númeraröð.

Greinargerð:

Breytingin er gerð til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á fyrirkomulagi við leikskýrslugerð og skil á leikskýrslum. Með þeim breytingum sem gerðar eru, þ.e. að hægt er að ganga frá leikskýrslu í gegnum heimasíðu KSÍ er ætlunin að auðvelda forráðamönnum að skila leikskýrslum og auðvelda vinnu við gerð leikskýrslu. Nánari upplýsingar um nýtt fyrirkomulag er að finna í handbók leikja.

Breytingin tekur þegar gildi.

Samþykkt var breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga, grein 10. um varamannaskýli.

Núgildandi grein 10

Grein 10
Varamannaskýli

10.1 Varamannaskýli skulu vera a.m.k. 10 m frá hvort öðru og a.m.k. 5 m frá miðlínu leikvallar (ávallt skal miða við slíkt við nýbyggingu og breytingar). Þar sem þessu verður ekki við komið skal heimilt að þau séu nær hvort öðru, en þó aldrei nær en 5 m. Þau skulu jafnframt staðsett innan öryggissvæðis leikvallar, þó ekki nær vellingum en 5 m (4 m á eldri völlum). Tryggt skal með girðingu, gæslu eða á annan hátt, að varamenn og liðsstjórn geti ekki orðið fyrir ónæði eða aðkasti áhorfenda.

10.2 Flokkar A og B – UEFA vallaflokkar: Varamannaskýli með þaki fyrir hvort lið skulu rúma a.m.k. 14 manns, með 50 cm bekkplássi á mann (varamenn og starfsmenn liðs).

10.3 Flokkur C: Varamannaskýli með þaki fyrir hvort lið skulu rúma a.m.k. 10 manns.

10.4 Flokkar D og E: Gerð er krafa um varamannaskýli í leikjum meistaraflokks en ekki annars. Varamannaskýli fyrir hvort lið skulu rúma a.m.k. 10 manns.

Breyting ská – og feitletruð, eitt ákvæði fellur út úr greininni.

Grein 10
Varamannaskýli

10.1 Varamannaskýli skulu vera a.m.k. 10 m frá hvort öðru og a.m.k. 5 m frá miðlínu leikvallar (ávallt skal miða við slíkt við nýbyggingu og breytingar). Þar sem þessu verður ekki við komið skal heimilt að þau séu nær hvort öðru, en þó aldrei nær en 5 m. Þau skulu jafnframt staðsett innan öryggissvæðis leikvallar, þó ekki nær vellingum en 5 m (4 m á eldri völlum). Tryggt skal með girðingu, gæslu eða á annan hátt, að varamenn og liðsstjórn geti ekki orðið fyrir ónæði eða aðkasti áhorfenda.

10.2 Flokkar A, B og C - UEFA vallaflokkar: Varamannaskýli með þaki fyrir hvort lið skulu rúma a.m.k. 14 manns, með 50 cm bekkplássi á mann (varamenn og starfsmenn liðs).

10.3 Flokkar D og E: Gerð er krafa um varamannaskýli í leikjum meistaraflokks en ekki annars. Varamannaskýli fyrir hvort lið skulu rúma a.m.k. 10 manns.

Greinargerð:

Breytingin er gerð til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og snúa að fjölda varamanna og starfsmanna á varamannabekk. Þar sem nú er heimilt að hafa 7 varamenn og 7 starfsmenn liðs á varamannabekk í 1.deild karla og Pepsi-deild kvenna er nauðsynlegt að gera þær breytingar að aðbúnaður í varamannaskýlum breytist. Nú er því gerð krafa um að varamannaskýli í C flokki (1.deild karla og Pepsi-deild kvenna) rúmi a.m.k. 14 manns í stað 10 áður.

Breytingin tekur þegar gildi en veitt er aðlögun til upphafs keppnistímabils 2012 til þess að uppfylla skilyrðin.

Samþykkt var breyting á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, ákvæði 15.1. um tilkynningu um félagaskipti.

Núgildandi ákvæði 15.1.

15.1. Tilkynning um félagaskipti er jafnframt yfirlýsing um, að allir undirritaðir skuldbindi sig til að hlíta gildandi lögum KSÍ, UEFA og FIFA og reglugerð þessari. Á tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala leikmanns og upplýsingar um hvort hann hefur verið samningsbundinn á undanförunum 3 árum og þá hvar, hvernig og hvenær hann var það síðast, félags þess sem hann er í, félags þess sem hann óskar eftir að ganga í, dagsetning tilkynningarinnar og staðfesting þessara þriggja aðila með undirritun. KSÍ skal útbúa og leggja til eyðublað og/eða aðferð til tilkynningar um félagaskipti. Félög eða félagsdeildir verða við félagaskipti eingöngu skuldbundin af framkvæmdastjóra, stjórnarmönnum eða þeim aðila sem félagið veitir slíkt umboð.

Breyting ská- og feitletruð

Nýtt ákvæði 15.1.

15.1. Tilkynning um félagaskipti er jafnframt yfirlýsing um, að allir undirritaðir skuldbindi sig til að hlíta gildandi lögum KSÍ, UEFA og FIFA og reglugerð þessari. Á tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala leikmanns og upplýsingar um hvort hann hefur verið samningsbundinn á undanförunum 3 árum og þá hvar, hvernig og hvenær hann var það síðast, félags þess sem hann er í, félags þess sem hann óskar eftir að ganga í, dagsetning tilkynningarinnar og staðfesting þessara þriggja aðila með undirritun. **Við félagaskipti leikmanna yngri en 18 ára þarf jafnframt að fylgja undirritun forráðamanns leikmannsins.** KSÍ skal útbúa og leggja til eyðublað og/eða aðferð til tilkynningar um félagaskipti. Félög eða félagsdeildir verða við félagaskipti eingöngu skuldbundin af framkvæmdastjóra, stjórnarmönnum eða þeim aðila sem félagið veitir slíkt umboð.

Greinargerð:

Nú þurfa allir leikmenn að vera skráðir í iðkendaskrá ÍSÍ frá því almanaksári er viðkomandi verður 9 ára gamall og allir leikmenn frá 9 ára aldri þurfa að ganga frá formlegum félagaskiptum kjósi þeir að skipta um félag. Ekki þykir eðlilegt að leikmenn svo ungir geti staðfest félagaskipti án þess að því fylgi undirritun forráðamanns leikmanns.. Breytingin er jafnframt gerð til samræmis við það ákvæði að leikmönnum yngri en 18 ára er ekki heimilt að gera samning nema undirritun forráðamanns sé jafnframt á samningnum.

Öll félagaskipti leikmanna yngri en 18 ára þurfa því núna að vera staðfest með undirritun forráðamanns viðkomandi leikmanns auk undirritunar leikmannsins og hafa eyðublöð þegar verið uppfærð.

Breytingin tekur þegar gildi.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ